

Ed.

325. Frumvarp til laga

[172. mál]

um byggingasjóð aldraðs fólks.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—63.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Byggingasjóður aldraðs fólks.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla með lánveitingum og styrkjum að því að byggðar verði hentugar íbúðir fyrir aldrað fólk.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Ágóði af happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, samkvæmt ákvæðum þar um í lögum um happdrættið.
2. Frjáls framlög eða aðrar tekjur, sem til kunna að falla.
3. Vaxtatekjur.

4. gr.

Stjórn sjóðsins annast Tryggingastofnun ríkisins. Skal fulltrúi stjórnar happdrættis D.A.S. eiga tillögurétt um lánveitingar.

5. gr.

Styrki og lán úr sjóðnum má veita gegn öruggum tryggingum sveitarfélögum eða aðilum, sem sveitarstjórnir mæla með og takast á hendur að reisa íbúðir handa öldruðu fólki. Lán til einstaklinga til kaupa á íbúðum fyrir sjálfa sig má þó aðeins veita skv. 6. gr.

6. gr.

Tryggingaráð getur ákveðið, að hluti sjóðsins komi til úthlutunar á vegum húsnæðismálastjórnar eftir reglum, sem það setur og félagsmálaráðuneytið staðfestir. Skal því fé varið til að lána einstaklingum yfir 67 ára aldri til kaupa á litlum íbúðum, sem sérstaklega eru gerðar við hæfi aldraðs fólks. Skal þá vera sú kvöð á íbúðunum, að þær verði einungis notaðar fyrir aldrað fólk meðan lánin hvíla á þeim.

7. gr.

Styrkir og lán, sem veitt eru úr sjóðnum skv. 5. gr., mega nema allt að 50% af byggingarkostnaði.

8. gr.

Styrki og lán skv. 5. gr. má því aðeins veita:

- a. að fyrir liggja teikningar af fyrirhuguðum byggingum, sem ráðherra hefur samþykkt.
- b. Umsækjandi sýni fram á, að hann hafi tryggt sér nægilegt fjármagn til byggingarinnar annars staðar frá.

9. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, um byggingarsjóð aldraðs fólks, sem hér liggur fyrir, er samið af nefnd, sem kosin var af Alþingi, samkvæmt ályktun þess frá 4. marz 1959, til að athuga á hvern hátt unnt sé að búa öldruðu fólki skilyrði til að nota starfsorku sína.

Frumvarpi þessu var nokkuð breytt frá því sem það var, þegar það kom frá nefndinni, en breytingarnar hafa verið gerðar í samráði við formann nefndarinnar, frú Ragnhildi Helgadóttur, alþm. og fleiri nefndarmenn.

Í greinargerð nefndarinnar fyrir frumvarpi þessu, segir m. a. svo:

„Á næstu árum má búast við sívaxandi fjölda fólks á ellilífeyrisaldri, og er fyrirsjáanlegt, að þörfin fer vaxandi fyrir dvalarheimili eða húsnæði við hæfi aldraðs fólks. Lausn þess máls hlýtur að stuðla að því að skapa hinu aldraða fólki skilyrði til að lifa sem lengst meðal heilbrigðs starfandi fólks.

Í 2. gr. segir um hlutverk sjóðsins almennt. Er þar bæði rætt um lán og styrki. Ráðlegt hefur þótt að binda það ekki í lögum, að hve miklu leyti væri um styrk og að hve miklu leyti lán að ræða hverju sinni. Slíkt gæti verið undir ýmsum mismunandi aðstæðum komið og eðlilegt að hafa það í hendi lánveitanda svo sem er t. d. um erfðafjár sjóð.

Lántakar geta verið sveitarfélög eða aðrir aðilar, einstaklingar eða samtök, sem takast vilja slíkar byggingar á hendur.“

Enn fremur segir í greinargerðinni:

„Um ráðstöfun á íbúðum aldraðs fólks kemur þetta helzt til greina:

1. Sala á íbúðinni. Væri þá kaupanda kostur m. a. á láni með hagkvæmum kjörum skv. 6. gr.
2. Leiga á íbúðinni.

3. Samningur um lífstíðaríbúðarrétt gegn ákveðinni stofngreiðslu, t. d. 10—15% af byggingarkostnaði. Síðan mánaðargreiðslum. Slíkir samningar gætu verið mjög æskilegir þar sem svo stæði á, sami aðilinn gæti einnig látið í té ýmsa þjónustu með húsnæðinu.“

Tvö önnur frumvörp, sem millipinganefndin samdi, eru flutt samtímis þessu frumvarpi. Annað frumvarpið er um breyting á lögum nr. 10/1952, um heimilishjálp í viðlögum. Hitt frumvarpið er um breyting á lögum nr. 71/1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Nefndarálit millipinganefndarinnar er prentað sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Fylgiskjal.

Nefndarálit.

Hinn 11. maí 1959 kaus Alþingi nefnd til að athuga skilyrði aldraðs fólks til að nota starfsorku sína. Nefndin var kosin í samræmi við ályktun, sem gerð var á Alþingi 4. marz s. á., og hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að kjósa í sameinuðu Alþingi fimm manna nefnd til að athuga á hvern hátt unnt sé að búa öldruðu fólki skilyrði til að nota starfsorku sína. Nefndin kys sér formann úr sínum hópi.

Nefndin skal m. a. taka til athugunar þessi atriði:

1. Stofnun vistheimila fyrir aldrað fólk og þá, sem hafa skerta starfsorku.
2. Stofnun vist- og hjúkrunarheimila.
3. Aðild að greiðslu stofnkostnaðar.
4. Fyrirkomulag á rekstri þessara heimila.

Að athugun lokinni leggi ríkisstjórnin fyrir Alþingi frumvarp um þetta efni.“

Í nefndina voru kosin: Alfreð Gíslason, Kjartan Jóhannsson, Ólafur Ólafsson, Ragnhildur Helgadóttir, Sigríður Thorlacius.

Nefndin kom fyrst saman til funda um haustið. Formaður var kosin Ragnhildur Helgadóttir og ritari Sigríður Thorlacius.

Ljóst var, að verkefni nefndarinnar var æði viðtækt, enda um að fjalla vandamál, sem er sameiginlegt flestum menningarlöndum. Hefur vandamálum aldraðs fólks verið vaxandi gaumur gefinn víðast hvar og nýjar leiðir reyndar til úrbóta. Var ákveðið að leita upplýsinga frá öðrum löndum um:

1. hvað væri gert af hálfu hins opinbera til að hjálpa öldruðu fólki til að nota starfsorku sína.
2. hvernig atvinnuöguleikum aldraðs fólks væri háttað,
3. hvað gert væri til að greiða fyrir öldruðu fólki um útvegum húsnæðis við þess hæfi utan stofnana.
4. hvernig væri fyrirkomulag vistheimila aldraðs fólks og sérstaklega ef um vinnuhæli væri að ræða.

Upplýsingar bárust frá Danmörku, Noregi, Finnlandi, Bretlandi og Bandaríkjunum.

Auk þess kynntu einstakir nefndarmenn sér fyrirkomulag þessara mála erlendis eftir því, sem föng voru á, m. a. með heimsóknum á vistheimili aldraðs fólks, er þeir voru þar á ferð annarra erinda.

Aflað var skýrslna um skiptingu aldraðs fólks milli byggðarlaga héraendis og um starfandi vistheimili fyrir aldrað fólk og fylgja þær skýrslur þessu nefndarálit. Aflað var upplýsinga hjá ýmsum aðilum, sem þekkingu og reynslu hafa í störfum varðandi velferðarmál aldraðs fólks.

Málin voru rædd á fundum nefndarinnar, og varð samkomulag um, að í megin-dráttum yrði störfum svo skipt, að læknarnir Alfreð Gíslason, Kjartan Jóhannsson og Ólafur Ólafsson undirbyggju þann þátt nefndarálitsins, er fjallar um vistheimili og fyrirkomulag þeirra, en Ragnhildur Helgadóttir og Sigríður Thorlacius undirbyggju tillögur um aðstoð við aldrað fólk utan vistheimila.

Fjöldi fólks yfir 65 ára aldur.

Í menningarlöndum hefur meðalaldur manna hækkað mjög á síðustu hundrað árum vegna bættra lífskjara, hollustuhátta og framfara í læknavísindum. Hefur hlutfall milli aldursflokka breytt við það, — hópur þeirra, sem komast yfir 65 ára aldur orðið hlutfallslega stærri en áður, og mun enn fara stækkandi á komandi árum.

Á tímabilinu 1860—1950 lengist meðalævi 65 ára fólks á Íslandi um 4 ár, og á áratugnum 1940—1950 varð lenging meðalævi 65 ára karla á Íslandi um 1½ ár og 65 ára kvenna á Íslandi um ½ ár miðað við áratuginn næsta á undan.

Árið 1900 var 4.1% bandarísku þjóðarinnar 65 ára eða eldri. Þessi hlutfallstala var þar komin upp í 6.8% árið 1940 og gískað á, að hún verði 14.5% árið 1980. Í Danmörku voru 1951 nærri 10% þjóðarinnar 65 ára eða eldri, og áætlað var, að sú tala yrði komin upp í 14.9% að 30 árum liðnum. Þessi verulega fjölgun gamalmenna í þjóðfélögunum veldur vissum áhyggjum, sem ekki hvað sízt snúast um það, hvernig bezt verði tryggð heilbrigði og starfsorka gamals fólks. Í Danmörku var á það bent fyrir einum áratug, að þá hafi það komið í hlut hverra 6 manna á fullum starfsaldri (20—64 ára) að sjá fyrir einu gamalmenni, en yrðu aðeins 3—4 menn til að gegna sama hlutverki að þrem áratugum liðnum.

Hér á landi hefur gömlu fólki fjölgað í samræmi við almenna mannfjölgun og ríflega það, eins og sést á þessu:

Fjöldi landsmanna	Fjöldi manna 65 ára og eldri	Hlutfallstölur
1901 77292	5325	6.9
1920 94436	6566	7.0
1940 121474	9468	7.8
1950 143961	10868	7.6
1960 17892	14429	8.1

Samkvæmt þjóðskrá 1. des. 1960 voru þá 14429 manns í landinu 65 ára og eldri, af þeim voru 2318 66 ára, 3327 67—69 ára og 8784 70 ára og eldri. Sé miðað við 67 ára og hærri aldur er skiptingin þannig eftir landssvæðum (kjördæmum, að öðru leyti en því, að Kópavogur og Seltjarnarnes fylgja Reykjavík).

	67—69 ára	70 ára og eldri	Samtals
Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes	1351	3471	4822
Reykjanessvæði	255	654	909
Vesturland	242	619	861
Vestfirðir	219	654	873
Norðurland vestra	251	648	899
Norðurland eystra	431	1216	1647
Austurland	243	626	869
Suðurland	335	896	1231
Landið allt	3327	8784	12111

Í dreifbýli voru á sama tíma taldir búa 798 manns 67—69 ára og 2181 70 ára og eldri, en í mesta þéttbýli hvers kjördæmis utan Reykjavíkur voru tölurnar þannig:

	67—69 ára	70 ára og eldri	Samtals
Hafnarfjörður	121	306	427
Akranes	57	133	190
Ísafjörður	54	148	202
Siglufjörður	46	139	185
Akureyri	162	532	694
Neskaupstaður	27	116	143
Vestmannaeyjar	82	205	287

Um aðbúnað aldraðs fólks utan vistheimila og starfsskilyrði þess.

Samkvæmt framfærslulögum er það tvímælalaust skylda ættmenn að annast aldrað fólk, en vegna breyttra þjóðfélagshátta, m. a. vegna smækkandi fjölskyldueininga, fækkar þeim heimilum, sem telja sig geta sjálf annast aldrað fólk, sem farið er að heilsu. Veldur því einkum skortur á vinnuafli á heimilum, og er óþarft að fjölyrða um það hér.

Nauðsyn þess, að aðrir aðilar en nánustu vandamenn hlupu hér undir bagga, hefur löngu verið viðurkennd með lagasetningum um aðstoð ríkisvalds og annarra aðila við aldrað fólk.

Er athuga skal, hvernig búa megi öldruðu fólki skilyrði til að nota starfsorku sína, verður það atriði naumlega skilið frá ráðstöfunum, sem nauðsynlegar eru í sambandi við vistheimili eða aðstoð við aldrað fólk í heimahúsum.

Beinast liggur við að segja, að starfsorka aldraðs fólks hagnýtist bezt með því, að það haldi áfram að sinna þeim störfum, sem því eru tömust, meðan starfsþrek þess leyfir. Má í því sambandi benda á athugun, sem fram fór á vegum norska atvinnuáráðuneytisins árið 1961, á starfsgetu og starfsvilja fólks, sem tekið var að nálgast eftirlaunaaldur. Þessi athugun var gerð hjá 107 atvinnufyrirtækjum, sem höfðu um 5 þúsund manns í vinnu, og tók til karla eldri en 60 ára og kvenna eldri en 55 ára.

Læknisrannsókn fór fram á 685 manns, sem láta áttu af störfum eftir tvö ár eða skemmri tíma. Varð niðurstaðan sú, að 87% af þeim gætu haldið áfram starfi, 79% fullan starfstíma, en 8% við léttari störf eða styttri vinnutíma. Af þessum 685 manns töldu lækarnir að aðeins 13% ættu að hætta störfum, er þeir náðu eftirlaunaaldri. 26% óskuðu að hætta þá, en 70% vildu halda áfram og 4% óskuðu eftir styttri vinnutíma.

Í þeim löndum, sem bezt búa að öldruðum borgurum, er reynt að gera þeim kleift að búa að sínu og hjarga sér sjálfir svo lengi sem heilsa þeirra leyfir, og er það talið eitt grundvallarskilyrði þess, að starfsorka manna nýtist svo lengi, sem hún er nokkur. Mörgu öldruðu fólki verður það ofraun að eiga að skipta um umhverfi og starf eða láta af starfi, sem það hefur lengi stundað. En það fer eftir heilsufari og heimilishögum einstaklingsins, hvaða ráðstafana er þörf þeim til aðstoðar. Í stórum dráttum má flokka aldrað fólk í eftirtalda hópa:

1. Aldrað fólk með fulla starfsgetu.
2. Þá, sem hafa orku til að starfa hluta úr degi.
3. Þá, sem hafa litla starfsgetu og þurfa sérstök vinnuskilyrði.
4. Þá, sem enga starfsgetu hafa umfram það, að geta annast eigin daglegar þarfir sjálfir, eða með aðstoð (aðstandenda) vandamanna.
5. Þá, sem þurfa sérstaka hjúkrun vegna líkamlegs eða andlegs ástands.

Fjórir fyrstu flokkarnir eiga það sameiginlegt, að þeir geta hagnýtt sér allar ráðstafanir, sem gerðar yrðu til að aðstoða aldrað fólk utan stofnana. Með því

nýtur þjóðfélagið starfsorku þeirra í því, að ekki þarf að annast það á sérstofnunum. Til aðstoðar þessu fólki ætti að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. Aðstoða það við útvegum hentugs húsnæðis, ef þörf kefur.
2. Útvega því hjálparfólk til ræstinga, sendiferða o. s. frv.
3. Vinnumiðlun eða milliganga um að útvega þeim, er æskja, starf við sitt hæfi.
4. Starfsleiðbeiningar, rannsókn á vinnugetu og leiðbeiningar um hvaða störf hæfa þeim, er starfs óska.
5. Vinnulækningar og endurhæfing.

Húsnæðismál.

Þegar fólk er orðið aldurhnigið og líkamsþrek tekið að þverra, þarfnast það þægilegs og notalegs húsnæðis af hæfilegri stærð, sem ekki ofbýður þreki þess. Eigi það kost á slíku húsnæði, getur það lengur séð um sig sjálft heldur en ef það verður að sætta sig við óhaganlegt húsnæði.

Fjárhagur margra, sem komnir eru á eftirlaunaaldur, leyfir þeim ekki að keppa um íbúðir, sem seldar eru eða leigðar á gangverði. Viða erlendis hefur sá háttur verið upp tekinn, að byggja íbúðir, sem miðaðar eru við þarfir aldraðs fólks og leigja því við sanngjörnu verði. Má nefna sem dæmi, að í Helsingfors þar sem íbúar eru á fimmta hundrað þúsund, á bærinn tvær húsasamstæður með 240 íbúðum alls, sem eingöngu eru ætlaðar öldruðu fólki, sem hefur heilsu til að dveljast utan vistheimila. Í þessum húsum eru einnig sérstakar íbúðir fyrir hjúkrunarkonu og aðstoðarstúlku, sem veita gamla fólkinu aðstoð, jafnskjótt og hennar gerist þörf. Sérstakur sjóður hefur með höndum rekstur þessara bygginga í nánú samstarfi við nefnd, er hefur yfirstjórn allra stofnana, sem annast aldrað fólk og öryrkja.

Að jafnaði er þó talið hentara, að slíkar íbúðir séu ekki reistar sem heilar húsasamstæður, heldur séu þær staðsettar í þeim hluta almennra íbúðarbygginga, sem aðgengilegastar eru öldruðu fólki, þ. e. á fyrstu hæð, því að stigagangur er öldruðu fólki yfirleitt erfiður. Að stærð ættu þær að vera við hæfi einhleypinga eða hjóna, og að öllu skyldi búa þær með það fyrir augum, að þær eru ætlaðar fólki með þverrandi starfsorku.

Meðal þeirra kosta, sem fylgja því, að svona íbúðir séu byggðar á við og dreif í bæjum og í nábýli við aðrar íbúðir, fremur en einangraðar, er það, að þá getur fólk frekar valið hvar það býr í viðkomandi bæ, t. d. miðað við að vera í grennd við venzlafólk sitt. Það kemst frekar í samband við fólk á öllum aldri og kynnist unglíngum og börnum, sem flestu öldruðu fólki er mikils virði. Stóru sambýlishúsunum, eins og þeim, sem byggð hafa verið í Helsingfors, fylgir aftur sá kostur, að þar er auðveldara að veita ýmsa þjónustu, svo sem fæðissölu og ræstingu.

Nefndin leggur til, að flutt verði frv. um byggingasjóð aldraðs fólks með það fyrir augum, að hafizt verði handa um byggingu einstakra íbúða eða íbúðasamstæða fyrir aldrað fólk, en nánari grein er gerð fyrir því í grg. frv. Vill nefndin benda á þá staðreynd, að byggingarkostnaður hverrar smáíbúðar fyrir tvo íbúa mun nú vera álíka mikill og stofnkostnaður fyrir hvert rúm á vistheimili fyrir aldrað fólk. Ætti því tvennt að mæla mjög með byggingu slíkra íbúða: Þær yrðu ódýrari en vistheimili, og þær gerðu þeim, sem óskuðu þess, fært að búa lengur að sínu og lifa ánægjulegri elli.

Heimilishjálp.

Margt aldrað fólk leitar fyrr eftir vist á dvalarheimili en því sjálfu þykir æskilegt, vegna þess að ógerlegt reynist að fá nokkra aðstoð við heimilisstörf eins og ræstingu, sendiferðir og matreiðslu. Viða erlendis skipuleggja bæjar- og sveitarfélög slíka heimilisaðstoð, á öðrum stöðum taka félagssamtök þau að sér (líknarfélög, kvenfélög). Væru félagssamtök hérlendis fánleg til þess að taka að sér

að annast slíka þjónustu, væri ekki óeðlilegt, að sveitarfélögin tækju þátt í kostnaðinum við framkvæmdina, en hann yrði alltaf minni en sá kostnaður, sem hlyti að verða af dvöl á vistheimili fyrir aldrað fólk.

Nefndin leggur til, að flutt verði frv. til l. um breyt. á lögum um heimilis- aðstoð í viðlögum, þannig að sameina megir undir sömu stjórn þá þjónustu, sem heimilishjálpi í viðlögum nú veitir og aðstoð við aldrað fólk í heimahúsum. Svo sem gerð er grein fyrir í grg. með frv., þá er ekki ótrúlegt, að til starfa af þessum toga mætti fá starfskrafta, sem ekki anna því að taka að sér heils dags störf, en gætu sinnt því að aðstoða aldrað fólk nokkra tíma á dag, eða nokkra tíma á viku. Erlendis tíðkast það, að ármenn hafi eftirlit með því, að sú hjálpi, sem látin er í té í þessu skyni, sé fullnægjandi.

Þá vill nefndin benda á þann möguleika, að matarverðanir eða veitingastaðir annist heimsendingu á tilbúnum mat til aldraðs fólks, sem þess æskir, eða ef horfið yrði að því á einum eða fleiri stöðum að byggja heilar íbúðasamtæður handa öldruðu fólki, að þá yrðu í þeim húsum eldhús, sem önnuðust matreiðslu handa þeim af íbúunum, er þess kynnu að óska.

Allar þessar ráðstafanir, samfara góðri heilsuverndarstarfsemi, myndu stuðla mjög að því, að aldrað fólk geti lengur verið sjálfbjarga. Margir myndu þá fremur halda áfram að stunda ýms störf, en ef þeir væru komnir á vistheimili.

Vinnuheimili.

(Dvalarheimili þar sem vistmenn vinna á verkstæðum, sem heimilin starfrækja).

Nefndin telur, að ekki eigi að svo stöddu að stofna sérstök vinnuheimili eða vinnustofur fyrir aldrað fólk, heldur eigi að gera kleift að sameina á vinnuheimilum og vinnustofum alla þá, sem hafa skerta starfsorku, án tillits til aldurs, ef orsakir örorkunnar krefjast ekki sérstakra aðstæðna. Sú aðgreining, sem nú er á vinnuheimilum er að mestu sprottin af því, að fjársafnanir hafa farið fram handa einum og einum hóp öryrkja. Öll slík störf eru sprottin af góðum hug og hafa oft borið lofsverðan árangur, en í mörgum tilfellum yrði hagkvæmara bæði fyrir öryrkja og þjóðfélagið í heild, að sameina fleiri flokka öryrkja í sömu stofnanir.

Leggur nefndin til, að vinnustofur og vinnuhæli, sem framvegis verða skipulögð fyrir öryrkja, standi einnig opin öldruðu fólki með skerta starfsorku. Enda er svo ráð fyrir gert í lögum um erfðafjárjóst, að stofnanir, sem njóta styrks úr þeim sjóði, séu jafnhliða miðaðar við þarfir öryrkja og aldraðs fólks.

Vinnumiðlun.

Hið sama gildir um vinnumiðlun og vinnuheimili. Vinnumiðlunar- og starfsleiðbeiningarstöðvar fyrir öryrkja eiga einnig að sinna þeim málum að því er tekur til aldraðs fólks, enda njóti þær stofnanir styrks af almannafé.

Í þessu sambandi má benda á það, að hagkvæmara er oft fyrir fólk, sem vinnur mjög erfið störf, að reyna að skipta um til hægara starfs, áður en það hefur með öllu ofboðið starfsþreki sínu. Í Englandi t. d. hafa stjórnarvöldin beitt sér fyrir því, að innan stórra atvinnufyrirtækja sé haldið uppi áróðri fyrir því, að mönnum gefist kostur á að breyta um til léttara starfa áður en hin erfiðari störf verða þeim ofraun.

Vistheimili fyrir aldrað fólk.

Svo sem fram kemur í því, sem fyrr er ritað, telur nefndin ákjósanlegast, að aldrað fólk, sem þess æskir, geti sem lengst dvalist á eigin heimilum. Sá hópur hlýtur þó alltaf að verða allstór, sem af ýmsum ástæðum þarfnast hælissvistar.

Hérlendis hafa einstaklingar, félagasamtök, sveitarfélög og ríki reist vistheimili fyrir aldrað fólk víðsvegar um land.

Fyrsta elliheimilið hér á landi mun hafa tekið til starfa á Ísafirði 1. janúar 1922. Fyrstu árin rak Hjálpræðisherinn það á kostnað bæjarsjóðs en síðan tók bæjarfélagið við rekstrinum. Tæpum tveimur árum síðar tók Elliheimilið Grund í Reykjavík til starfa, og hefur það ætíð verið rekið sem sjálfseignarstofnun. Á Seyðisfirði stofnaði kvenfélagið elliheimili árið 1929, en sú starfsemi lagðist síðar niður. Seinna risu upp elliheimili í Hafnarfirði, á Akranesi og víðar.

Nefndinni er kunnugt um 13 starfandi vistheimili fyrir aldrað fólk í landinu, og mun samanlagður rúmafjöldi þeirra vera nálægt 750. Meðfylgjandi yfirlit sýnir staðsetningu þeirra, rúmafjölda og tölu vistmanna í febrúar 1962.

	Rúmafjöldi	Vistmannatala í febr. 1962
Reykjavík:		
Grund	340	320
Hrafnista	124	130
Reykjanessvæði:		
Hafnarfj., Sólvangur	45	17
Keflavík:	20	19
Vesturland:		
Akranes	15	14
Vestfirðir:		
Ísafjörður	22	23
Norðurland vestra:		
Blönduós	25	15
Hvammstangi	10	10
Sauðárkrókur	20	18
Norðurland eystra:		
Skjaldarvík	70	50
Austurland:		
Neskaupstaður	10	15
Suðurland:		
Vestmannaeyjar	23	11
Hveragerði	30	24
Samtals	754	666

Sá mismunur, sem fram kemur sums staðar á tölu rúma og vistmanna, mun m. a. stafa af því, að vistheimilin eru í sambandi við sjúkrahús, og eru stundum fleiri teknir á ellideild, en rúm er fyrir á slíkri deild.

Nefndarmenn hafa skoðað nokkur þessara hæla, þ. e. dvalarheimili aldraðra sjómanna, Hrafnistu, og Elli- og hjúkrunarheimilið Grund í Reykjavík, Elli- og hjúkrunarheimilið Sólvangur í Hafnarfirði, elliheimilið í Keflavík og dvalarheimilið Ás í Hveragerði. Stofnanir þessar eru með ýmsu sniði, sum eru rekin af sveitarfélögum, önnur eru einkastofnanir. Herbergjaskipan, húsbúnaður og hreinlætistöki eru allmisjöfn, stærð herbergja frá eins manns herbergjum upp í 10 manna stofur. Sum heimili, einkum þau minni, eru eingöngu ætluð vistmönnum, sem hafa ferlivist og eru tiltölulega hressir, en önnur gegna því tvíþætta hlutverki að vera í senn dvalarstaður heilbrigðra og sjúkra — vera hvorttveggja, vistheimili og hjúkrunarheimili.

Í sumum vistheimilum er auðvelt að aðgreina heilbrigða og sjúka, en annars staðar er sú aðgreining óframkvæmanleg. Ekki hefur farið fram nákvæð athugun á hlutfallinu milli þessara tveggja hópa, sem á vistheimilunum eru, en áætlað er, að um 250 sjúklingar dveljist þar um þessar mundir.

Vitað er, að ný vistheimili fyrir aldrað fólk munu rísa á næstu árum, og önnur verða stækkuð. Við Hrafnistu, dvalarheimili aldraðra sjómanna í Reykjavík, er verið að byggja nýja álmu, sem á að rúma 70 vistmenn, sem ferlivist hafa. Á Akureyri hefur vistheimili verið í smíðum síðan 1959, og verður fyrsta deildin, sem á að rúma um 30 sjúklinga, tilbúin innan skamms. Í Borgarnesi mun bráðlega hefjast bygging vistheimilis fyrir 15—20 manns. Á Húsavík á að hefja byggingu nýs sjúkrahúss á þessu ári, og þar verður öldruðu fólki ætlað nokkuð húsrými. Á Siglufirði hefur verið ráðgert að stofna vistheimili fyrir um 15 manns í húsa-kynnum núverandi sjúkrahúss, þegar nýtt sjúkrahús hefur verið reist. Virðist mega telja fullráðið, að um 150 rúm komi til viðbótar þeim rösklega 750, sem til eru nú, á næstu árum.

Að vísu verður mikil fjölgun í aldursflokknum 65 ára og eldri næstu ár, og má gera ráð fyrir, að um 1970 verði tala þeirra um 20 þúsund, en með hliðsjón af því, að nú eru ekki öll vistheimili fullsetin, önnur en þau, sem annast sjúklinga, telur nefndin ekki ástæðu til að mæla með því, að ráðizt verði í byggingu fleiri vistheimila en þeirra, sem þegar hafa verið ráðgerð, eða verið er að reisa. Hins vegar er nefndinni ljóst, að endurnýja þarf byggingar sumra starfandi vistheimila og endurbæta aðrar. Um aðstoð við byggingar vistheimila vísast til grg. og frv. um byggingarsjóð aldraðs fólks.

Eins og þegar hefur verið tekið fram, leggur nefndin mikla áherzlu á, að unnið verði að því, að aldrað fólk fái nauðsynlega aðstoð til þess, að standa svo lengi á eigin fótum, sem geta þess leyfir, ef það óskar þess, og telur nefndin, að þær ráðstafanir, sem hún hefur bent á í því sambandi, gætu komið að miklu gagni.

Vistheimili fyrir aldrað fólk eru þó nauðsynlegar stofnanir, og kemur þar margt til greina, sem óþarft er að rekja. Nefndin telur, að slík heimili eigi ekki að vera mjög stór og æskilegt sé, að flokkun vistmanna eftir heilsufari verði meiri en hún nú er. Í stað sjúkradeilda á vistheimilum aldraðs fólks, telur hún að stefna beri að því, að sjúk gamalmenni fari á sjúkrahús, þar sem þau njóti sams konar aðbúnaðar og aðrir sjúklingar, en eigi þess hins vegar kost að dveljast á litlum notalegum vistheimilum við góðan aðbúnað meðan þau hafa ferlivist.

Í viðtölum við vistmenn og starfsfólk á þeim dvalarheimilum, sem nefndin hefur heimsótt, og með hliðsjón af ýmsum öðrum upplýsingum, telur nefndin æskilegast, að vistheimilin séu ekki öllu stærri en 15—20 manna. Íveruherbergi ættu helzt ekki að vera stærri en eins og tveggja manna, en dagstofa, vinnustofur og borðstofa sameiginleg. Búa þarf herbergin hagkvæmum en notalegum húsgögnum og sjá t. d. fyrir því, að hver vistmaður hafi þægilegan stól að sitja í inni í herbergi sínu. Nauðsynlegt er að taka tillit til þverrandi líkamskrafta vistmanna, þegar gengið er frá tilhögun bað- og snyrtiherbergja. Af fenginni reynslu má álykta, að 15—20 manna vistheimili séu við hæfi margra byggðarlaga hér á landi.

Þar sem nauðsyn þykir bera til að hafa vistheimilin stærri ætti að leggja áherzlu á, að húsakynni og aðrar aðstæður séu þannig, að skipta megi þeim í deildir, þar sem hver hópur sé sem mest út af fyrir sig og þá ekki fleiri en 20 í hóp. Slík aðgreining getur gert svip stórra stofnana heimilislegri og hlýlegri.

Ekki vill nefndin mæla með því, að vistheimili sé reist í afskekktum og fámennum byggðarlögum, því að þangað mundi erfitt að fá nægilegt starfslið, læknis- eftirlit og annað, sem nauðsynlegt er til að aðbúð vistmanna verði ákjósanleg.

Þróunin hefur orðið sú, sem og eðlilegt er, að vistheimili eru einkum reist á þeim stöðum, sem mannaferð liggur helzt að, eða á verzlunarstöðum viðkomandi héraða. Aldrað fólk saknar þess mjög, ef samband þess rofnar við ættingja og vini vegna fjarlægðar.

Séu vistheimili staðsett þar, sem fyrir eru sjúkrahús eða sjúkraskýli, verður einnig auðveldara fyrir vistmennina að skipta um dvalarstað, ef heilsan versnar um lengri eða skemmri tíma, heldur en að flytja það á milli héraða. Nefndin telur,

að starfræksla vistheimila fyrir aldrað fólk yrði auðveldari, ef gengið væri út frá því, að sjúkrahúsin tækju við þeim vistmönnum, sem rúmfastir verða og þarfnast fullkominnar hjúkrunar.

Nauðsynlegt er að skapa vistmönnum, sem til þess hafa heilsu, í auknum mæli aðstöðu til starfa. Með hliðsjón af reynslu erlendis má fylgja, að með skynsamlegum leiðbeiningum og í sumum tilfellum með starfsþjálfun, má leggja öldruðu fólki í hendur ýms verkefni, sem veita því ánægju fyrst og fremst, en geta einnig haft hagnýta þýðingu. Einnig má benda á það fyrirkomulag, sem m. a. tíðkast í Finnlandi, að þeir af vistmönnum, sem óska og eru til þess færir, vinni létt störf fyrir stofnun sína og fái fyrir þau hæfilega greiðslu.

Nefndinni er ljóst, að fullmikinn kostnað væri í ráðizt fyrir ýms smá dvalarheimili úti um land að hafa fastráðna vinnukennara til að annast starfsþjálfun. En benda mætti á þann hátt, sem í sumum nágrennalöndum okkar er á hafður og gefst vel, að Rauði krossinn gengst fyrir námskeiðum í starfsþjálfun fyrir þá, sem annast hina öldruðu á dvalarheimilum. Er þar um farandkennslu að ræða. Enn fremur væru vafalaust til góðs fönðurnámskeið fyrir aldrað fólk utan dvalarheimila. Loks mætti hugsa sér, að vinnu- eða fönðurkennarar ferðuðust milli dvalarheimila, og ynnu hluta úr ári á hverjum stað, þar sem þess væri óskað. Allt eru þetta leiðir, sem færar geta verið til að hagnýta öldruðu fólki, þótt lasburða sé, starfsorku þess sjálfu því til ánægju og því og öðrum til gagns.